

Íslenska 5.bekkur

Kennarar: Sigríður Sif Grímsdóttir, Sigurborg Geirdal

5

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Kennsla er byggð upp þannig að í byrjun kennslustundar/vifangefnis verður farið yfir markmið verkefnis og vinnubrögð. Unnið verður með málfræði, talað mál og hlustun, ritun, lestur og bókmenntir. Lögð verður mikil áhersla á lestur og vinnu með ólíka texta.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Lota 1.

Í þessari lotu tökum við á tungumálinu íslensku, vinnum með og aukum orðaforðan okkar og hvernig við nýtum hann í ritmáli. Við leggjum áherslu á ákveðna þætti málfræðinnar eins og andheiti, samheiti, samsett orð og persónuformöfn. Einnig leggjum við áherslu á ákveðna þætti ritunnar eins og að semja sendibréf og frásagnir og þá hvernig málgreinar og efnisgreinar eru ásamt því að við rifjum upp hvenær við notum stóran og lítinn staf. Við lesum, ræðum og vinnum verkefni í samlestri bókina Dóttir veðurguðsins.

Lota 2

Í þessari lotu rýnum við í mismunandi texta og förum í mismunandi aðferðir við lestartækni. Við kennum hvernig á að búa til hugtakakort, taka lykilorð úr texta, finna aðalatriði frá aukaatriðum og hvernig á að glósa meðal annars með því að æfa endursögn. Við kennum hvað fræðitexti er og útbúum slíkan texta út frá áhugasvið nemanda. Við lesum og ræðum í samlestri bókina Strákurinn í kjólnum.

Lota 3

Í þessari lotu byrjum við á lestir á Benjamín dúfu þar sem nemendur útbúa dagabók um persónur, aðalatriði og skráttin orð eftir hvern kafla. Einnig endar lotan á því að útbúin er ritgerð um leiki hér áður þar sem nemendur taka viðtal við eldri einstakling til að afla upplýsinga. Við notum kynjaverur til að byggja upp persónu og sögusvið og svo í framhaldið sögu um hana. Við nýtum nafnorð til að safna upplýsingum og rifjum upp um leið einkenni þeirra.

Við lærum hvernig við eigum að útbúa góðar leiðbeiningar og fyrirmæli og nýtum þá tækifærið til að fara í sagnorð og einkenni þeirra. Við leggjum sérstaka áherslu á -ng og -nk regluna á þessu tímabili ásamt því að fara í helstu skammstafanir.

Lota 4

Í þessari síðust lotu byrjum við á að læra um ljóð, við förum í helstu reglur þeim tengdum eins og stuðla, höfuðstafi, persónugervingu og rím. Við lærum meira um orð og skoðum málshætti og orðatiltæki. Við förum ýmsar reglur stafsetningar eins og tvöfaldan samhljóða, greinamerki, -n og -nn ásamt því að við lærum -hv orðin. Við endum á fjölmiðlaumfjöllun og skoðum fyrirsagnir þeim tengdum ásamt því að skoða áraðanleika heimilda

Námsmat

Ólík verkefni og ástundun nemenda er metin jafn og þétt yfir veturinn með kennaramati, jafningjamati, sjálfsmati o.s.frv.

Námsgögn

Orðspor 1 nemenda og verkefnabók, Amboð úr Vörður og vegvísar, Mál til komið, Málrækt1, Smellur 1. Valið efni af netinu og ýmsir fræðitextar.

